

Alþingi
Erindi nr. Þ 133/623
komudagur 6.12.2006

EYÞING – Samband sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum –
Strandgötu 29; 600 Akureyri; Sími 464-9933; kt. 561192-2199; Netfang eything@eything.is


Akureyri 6. desember 2006

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Stjórn Eyþings hefur fengið til umsagnar frá iðnaðarnefnd Alþingis **frumvarp til laga um Orkustofnun, 367. mál**, tilfærsla vatnamælinga, gagnaöflun um orkulindir o.fl. Stjórnin samþykkti eftirfarandi:

Stjórnin tekur ekki afstöðu til frumvarpsins.

f.h. stjórnar Eyþings



Pétur Þór Jónasson
framkv.stjóri

Alþingi
Erindi nr. Þ 133/390
komudagur 29.11.2006

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK



FASTEIGNAMAT RÍKISINS

Borgartúni 21 • 105 Reykjavík • 515 5300
Fax 515 5310 • fmr@fmr.is • www.fmr.is

Reykjavík, 27. nóvember 2006
Tilvísun: 06110806/04.10/MH

Efni: Frumvarp til laga um Orkustofnun, 367. mál, tilfærsla vatnamælinga, gagnaöflun um orkulindir o.fl.

Fasteignamati ríkisins hefur borist bréf iðnaðarnefndar Alþingis, dags. 22. nóvember sl., þar sem ofangreint frumvarp er sent til umsagnar.

Af því tilefni er tekið fram að ekki eru gerðar neinar athugasemdir við efni þess af hálfu stofnunarinnar.

F.h. Fasteignamats ríkisins

Margrét Hauksdóttir
aðstoðarforstjóri

Alþingi
Erindi nr 133/552
komudagur 5.12.2006

Iðnaðarnefnd Alþingis
Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



Reykjavík 04.12.2006

Efni: Breyting á lögum nr. 87/2003 um Orkustofnun

Félag íslenskra náttúrufræðinga, FÍN, vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum nr. 87/2003 um Orkustofnun. Af 27 starfsmönnum vatnamælinga Orkustofnunar eru 16 félagsmenn FÍN.

FÍN telur það á mælisverða framkomu við starfsmenn vatnamælinga Orkustofnunar að lagt sé fram frumvarp til laga um flutning á vatnamælingum Orkustofnunar yfir til ÍSOR án nokkurs samráðs við starfsmenn. Einnig er í hæsta máta óeðlilegt að orkumálastjóri og forstjóri ÍSOR fullyrði að frumvarpið verði samþykkt á Alþingi og að í kjölfar þess fái starfsmenn uppsagnarbréf þar sem veittur er skammur frestur til að svara því hvort þeir þiggi starf hjá ÍSOR.

FÍN telur að hér sé um hrein aðilaskipti að ræða þar sem annar aðili, ÍSOR, tekur við vatnamælingastarfsemi Orkustofnunar. Við slíkar aðstæður er með öllu óeðlilegt að starfsmönnum sé sagt upp eða nokkur vafi leiki á um starf þeirra, eins og nú er raunin. Þess vegna gerir FÍN verulega athugasemd við fyrri málslíð 4. gr. b. lið (III) þar sem segir: *Starfsmönnum vatnamælinga Orkustofnunar, skal boðið starf hjá Íslenskum orkurannsóknnum.* FÍN telur að með þessu orðalagi sé alls ekki gengið nógu langt í að tryggja réttarstöðu þeirra starfsmanna sem óska að flytjast yfir til ÍSOR. Ekki er minnst á að um sé að ræða **sambærileg störf** líkt og gert var þegar ÍSOR varð til. Einnig túlka yfirmenn fyrrgreindra stofnana biðlaunaréttindi starfsmanna að því er virðist eftir eigin höfði.

FÍN er kunnugt um að mál hafa nú þróast þannig að meirihluti starfsmanna vatnamælinga Orkustofnunar hefur samþykkt bókun þess eðlis að þeir leggjast gegn flutningi vatnamælinga Orkustofnunar yfir til ÍSOR.

FÍN leggur til að málinu verði slegið á frest þannig að tími gefist til að skoða alla þætti málsins að nýju, þannig að réttindi starfsmanna verði tryggð.

Fyrir hönd félags íslenskra náttúrufræðinga

Ina Björg Hjálmarzdóttir
Ina Björg Hjálmarzdóttir
formaður FÍN

Nefndasvið Alþingis
Berist iðnaðarnefnd
Austurstræti 8 – 10

Tilvísun vor: 98.11

Dags.: 29.11.2006

150 REYKJAVÍK

Efni: **Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum Orkustofnun, 367. mál**

Þann 28. nóvember 2006 barst Landsvirkjun bréf iðnaðarnefndar þar sem óskað er umsagnar um ofangreint frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 87/2003, um Orkustofnun.

Landsvirkjun vísar til umsagnar Samorku um frumvarp þetta og gerir ekki aðrar athugasemdir en þar koma fram.

Virðingarfyllst



Friðrik Sophusson
forstjóri

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 29. nóvember 2006

Umsögn Landverndar vegna frumvarps um breytingu á lögum um Orkustofnun.

Á þeim stutta tíma sem veittur var til umsagnar um frumvarp þetta hafa samtökin fundið tvö atriði sem þyrfti að umorða í frumvarpinu. Í 3. gr. segir m.a: „ Í reikningum og fjárveitingum til Orkustofnunar skal sérgreina það fé sem varið er til rannsókna skv. 2., 3. og 4. tölul. 1. mgr. 2. gr.“


Hér ætti heldur að segja: „Í reikningum og fjárveitingum til Orkustofnunar skal aðgreina það fé sem varið er til rannsókna skv. 2., 3. og 4. tölul. 1. mgr. 2. gr.“

eða jafnvel: „Í reikningum og fjárveitingum til Orkustofnunar skal tilgreina það fé sem varið er til rannsókna skv. 2., 3. og 4. tölul. 1. mgr. 2. gr.“

Í 2. tölulið athugasemdanna segir m.a: „... en Orkustofnun gerir samninga um verkefni fyrir hönd ríkisins um viðkomandi orkurannsóknir.“

Ákvæðið ætti heldur að orðala með þessum hætti: „... en Orkustofnun gerir samninga um verkefni fyrir hönd ríkisins um viðkomandi orkurannsóknir og auðlindarannsóknir.“

Virðingarfyllst



Bergur Sigurðsson,
framkvæmdastjóri Landverndar.

Alþingi
Erindi nr. P 133/406
komudagur 30.11.2006
3/4



NORÐURORKA hf

Nefndarsvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Umsögn Norðurorku hf. um frumvarp til breytinga á lögum nr. 87/2003, um Orkustofnun.

Almennt um frumvarpið.

Norðurorka hf. þakkar fyrir að fá frumvarpið til umsagnar. Norðurorka hf. fagnar því að Vatnamælingar verði nú fluttar undir Íslenskar orkurannsóknir nái frumvarpið fram að ganga. Þetta er að mati Norðurorku hf. skref sem stíga hefði átt við stofnun ÍSOR árið 2003. Norðurorka hf. leyfir sér í þessu sambandi að vísa í umsögn sína, frá 18. febrúar 2003, um frumvarp til laga um Orkustofnun og Íslenskar orkurannsóknir þar sem segir "Það er þó álit okkar að Vatnamælingar ættu, með tilliti til þeirrar starfsemi sem þar fer fram, að færast til Íslenskra orkurannsókna.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Við 2. gr. frumvarpsins gerir Norðurorka hf. þá athugasemd að almennt ber að halda eftirliti í lágmarki. Því er nauðsynlegt að vandað verði mjög til væntanlegrar reglugerðar "um tegund gagna, gæði þeirra og skilafrest" og nauðsynlegt er að haft verði náið samráð við þá er eftirlitið beinist að við reglugerðarsmíðina.

Virðingarfyllst,
Akureyri, 29. nóvember 2006.
Fh. Norðurorku hf.

Franz Arnason forstjóri.

Sent í tölvupósti og jafnframt póstlagt.



Alþingi
Erindi nr. P 133/355
komudagur 27.11.2006


Umsögn um mál til Alþingis


VIÐTAKANDI Nefndasvið Alþingis bt: Ingvar Þór Sigurðsson	SENDANDI Olfúfélagið ehf, Sudurlandsbraut 18, 108 Reykjavík	
MÁLEFNI Umsögn um "Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 87/2003, um Orkustofnun"	TILVÍSUN	DAGSETNING 27-Nov-06


Olfúfélagið hefur fengið ofangreint frumvarp til umsagnar og þakkar fyrir að hafa fengið tækifæri til að kynna sér málið. Félagið leggur áherslu á, að skýrar komi fram í lögnum eða með setningu reglugerðar, hvernig söfnun upplýsinga skuli háttáð.


Virðingarfyllst,

Olfúfélagið ehf


Magnús Asgeirsson







Alþingi
Erindi nr. P 133 / 488
komudagur 4.12.200 / 4



ORKUSTOFNUN

Grensásvegur 9
108 REYKJAVÍK
os@os.is

Sími - 569 6000
Fax - 568 8896
http://www.os.is

Iðnaðarnefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK


Reykjavík, 30. nóvember 2006
Tilvísun: 2006110009
Bréfalykill: 0.1
Verknúmer: 1241007

Efni: Flutningur Vatnamælinga Orkustofnunar til Íslenskra orkurannsókna

Til iðnaðarnefndar Alþingis

Á fundi fulltrúa Orkustofnunar með nefndinni hinn 28. nóv. s.l. vegna frv. um flutning Vatnamælinga Orkustofnunar til Íslenskra orkurannsókna var spurt hvert væri þá hlutverk og mannaflí Orkustofnunar að þessum breytingum orðnum. Meðfylgjandi er stutt yfirlit til að svara þessari spurningu. Jafnframt fylgir kynningaritlingur um stofnunina, en þar er þá enn gert ráð fyrir að Vatnamælingar séu á Orkustofnun.

Virðingarfyllst


Þorkell Helgason
orkumálastjóri


Fylgiskjöl:

1. Um hlutverk og umfang Orkustofnunar 2007, Þorkell Helgason 30. nóvember 2006.
2. Kynningarbæklingur um Orkustofnun.



Viðtakandi:
Iðnaðarnefnd Alþingis

30. nóvember 2006
Tilvísun: 2006110009

Sendandi:
Porkell Helgason 

Efni: Um hlutverk og umfang Orkustofnunar

Lýsing þessi miðast við þá forsendu að Vatnamælingar Orkustofnunar hafi færst til Íslenskra orkurannsóknna um n.k. áramót.

Orkustofnun starfar undir yfirstjórn iðnaðarráðuneytisins samkvæmt lögum og reglugerð um Orkustofnun. Auk þess er kveðið á um hlutverk stofnunarinnar í öðrum lögum. Orkumálastjóri er framkvæmdastjóri Orkustofnunar. Aðalstöðvar eru til húsa í Reykjavík, en jafnframt er starfsstöð rekin á Akureyri með 4 starfsmönnum.

Stofnunin greinist í tvær einingar, Orkumálasvið (21 starfsmaður) og Jarðhitaskóli Sameinuðu þjóðanna (3 starfsmenn).

Orkustofnun og Íslenskar orkurannsóknir reka sameiginlega rekstrarfélag (8,5 starfsmenn, hlutdeild Orkustofnunar u.þ.b. 18% eða 1,5 stöðugildi) sem sér um sameiginleg málefni stofnananna, svo sem bókhald, rekstur tölvukerfis, símaþjónustu, húsnæðis og matstofu. Jafnframt starfrækir Orkustofnun almennt og opið bókasafn með miklu úrvali bóka og tímarita um viðfangsefni stofnunarinnar.

Í hnotskurn eru viðfangsefni Orkustofnunar þessi:

Stjórnsýsla: Umsagnir, leyfisveitingar, umsjón með framkvæmd raforkulaga.

Rannsóknir og gagnasöfnun: Stýra og gera samninga um orkurannsóknir, gagnasöfn og orkutölfræði.

Alþjóðlegt samstarf um orku- og loftslagsrannsóknir.

Ráðgjöf: Áætlanagerð og ráðgjöf við stjórnvöld.

Akureyrarsetur: Orkuhagkvæmni, rekstur Orkusjóðs, niðurgreiðslur.

Upplýsingamiðlun: Bókasafn o.fl.

Þróunaraðstoð: Rekstur Jarðhitaskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna.

Nánar tiltekið eru helstu verkefni Orkustofnunar þessi:


- að safna gögnum og halda gagnagrunn um orkulindir og aðrar jarðrænar auðlindir,
- að standa fyrir rannsóknum á orkulindum landsins og öðrum viðfangsefnum á sviði orkumála,
- að vinna að áætlanagerð til langs tíma um orkubúskap þjóðarinnar,
- að vera ríkisstjórn til ráðuneytis um orkumál og önnur auðlindamál,
- að veita ráðuneyti umsagnir um leyfi til rannsókna og nýtingar jarðrænna auðlinda,
- að annast stjórnsýslu sem stofnuninni er falin með lögum, svo sem auðlindalögum,
- að sjá um eftirlit með framkvæmd raforkulaga, sérstaklega sérleyfishluta þeirra, fiutningi og dreifingu raforku,
- að fara með umsýslu Orkusjóðs, jarðhitaleitarátaks, niðurgreiðslna vegna húshitunar og að sjá um vettvang um vistvænt eldsneyti,
- að veita ungum sérfræðingum, einkum frá þróunarlöndum, sérhæfða þjálfun í rannsóknum og nýtingu jarðhita í Jarðhitaskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna,
- að vera mikilvægur þáttur í þróunaraðstoð Íslendinga með starfrækslu Jarðhitaskólans.

Mannauður Orkustofnunar	Stöðugildi
Raforkueftirlit og stjórnsýsla	5
Rannsóknir og ráðgjöf	4
Orkuhagkvæmni, Orkusjóður, niðurgreiðslur	4
Bókasafn, útgáfa, skjalamál og skrifstofa	4,5
Gagnasöfnun og tölfraði	3
Jarðhitaskóli Sameinuðu þjóðanna	3
Rekstrarfélag (u.þ.b. 18% hlutdeild)	1,5
Alls	25

Fjármagn Orkustofnunar


Orkustofnun fær fjárveitingar (404,3 m.kr. skv. fjárlagafrv. 2007), en hefur líka fengið fé á öðrum fjárlagaliðum til sérstakra verkefna, svo sem hafsbotnsrannsókna. Jarðhitaskóli Háskóla Sameinuðu þjóðanna fær sérstaka fjárveitingu í gegnum utanríkisráðuneytið (149,9 m.kr. skv. fjárlagafrv. fyrir 2007). Auk þess aflar stofnunin talsverðra styrkja, en hún selur ekki þjónustu í neinum mæli. (Af tæknilegum ástæðum rekur OS rekstrarfélag Orkugarðs og selur Ísl. orkurannsóknum þeirra hlut í þjónustunni).

Megnið af tekjum Orkustofnunar fer til kaupa á rannsóknum og annarri þjónustu, minni hlutinn til innri rekstrar. Fjárstreymið er sýnt á meðf. mynd:



Fjárstreymið til “verksala”, sem eru ýmsar rannsóknarstofnanir og verkfræðistofur, hefur farið hækkandi en hlutfallslega er æ minna keypt af ÍSOR (ásamt vatnamælingum).

Alþingi
Erindi nr. P 133/487
komudagur 4. 12. 2006



ORKUSTOFNUN

Grensásvegur 9
108 REYKJAVÍK
os@os.is

Sími - 569 6000
Fax - 568 8896
http://www.os.is

Alþingi - iðnaðarnefnd
Ingvar Þór Sigurðsson
nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 28. nóvember 2006
Tilvísun: 2006110019
Bréfalykill: 50.11
Verknúmer: 1227000

Efni: Umsögn Orkustofnunar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Orkustofnun, 367. mál.

Orkustofnun hefur borist erindi iðnaðarnefndar Alþingis, dags. 22. nóvember 2006, þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Orkustofnun, 367. mál, tilfærsla vatnamælinga, gagnaöflun um orkulindir o.fl.

Orkustofnun styður frumvarpið en bendir á að stofnunin telur að forsenda þess að mats, sem fram kemur í umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytis, um að ekki verði kostnaðarauki samfara breytingum samkvæmt frumvarpinu, er að ekki verði um að ræða hækkanir á gjaldskrá vatnamælinga fyrir þá vinnu sem unnin er fyrir Orkustofnun eftir að starfsemin færir til Íslenskra orkurannsóknna.

Virðingarfyllt

Elín Smáradóttir

Alþingi
Erindi nr. Þ 133/547
komudagur 4.12.2006

Starfsmannafélag Orkustofnunar
og Íslenskra orkurannsókna


Iðnaðarnefnd Alþingis
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 4. desember 2006

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 87/2003, um Orkustofnun

Frumvarpið var tekin fyrir á stjórnarfundum Starfsmannafélags Orkustofnunar og Íslenskra orkurannsókna mánudaginn 27. nóvember 2006. Þar sem að allir starfsmenn Orkustofnunar og Íslenskra orkurannsókna eru í sama starfsmannafélagi, telur stjórn starfsmannafélagsins að upp geti komið hagsmunaárekstrar milli félagsmanna vegna frumvarpsins og hefur því ákveðið að gefa ekki umsögn um frumvarpið.

f.h. stjórnar starfsmannafélags
Orkustofnunar og Íslenskra orkurannsókna



Bryndís G. Róbertsdóttir
formaður

Alþingi
Erindi nr. P 133/439
komudagur 1.12.2006

Alþingi nefndasvið
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 30.11.2006
HBK/is

Efni: Frumvarp til laga um Orkustofnun, 367. mál

Orkuveita Reykjavíkur hefur fengið til umsagnar frá iðnaðarnefnd Alþingis frumvarp til laga um Orkustofnun, 367. mál, þskj. 399.

Gerð er athugasemd við 2. gr. frumvarpsins:


Í þessari grein frumvarpsins er kveðið á um að Orkustofnun geti krafist gagna sem m.a. varða nýtingu á jarðrænum auðlindum, orkuframleiðslu og orkunotkun. Samkvæmt raforkulögum eru orkuframleiðsla samkeppnisstarfssemi. Rannsóknargögn sem til verða hjá orkufyrirtækjum hljóta að vera eign fyrirtækjanna og njóta lögvarinna verndar sem slík. Yfirleitt má meta rannsóknargögn orkufyrirtækja til verðs en þau eru ýmist unnin af fyrirtækinu sjálfu eða keypt af sjálfstætt starfandi fyrirtækjum. Þá geta gögnin haft að geyma trúnaðarupplýsingar sem orkufyrirtæki kæra sig ekki um að samkeppnisaðilar hafi aðgang að.

Orkuveita Reykjavíkur getur því ekki fallist á endurgjaldslausu afhendingarskyldu gagna til Orkustofnunar með þeim hætti sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Með sama hætti getur Orkuveita Reykjavíkur ekki fallist á ákvæði og dagsektir og dregur í efa að heimilt sé að knýja fram afhendingu gagna með þeim hætti sem frumvarpið gerir ráð fyrir og því síður með beitingu dagsekta.

Orkuveita Reykjavíkur telur að vænlegra sé til árangurs að forsvarsmenn orkufyrirtækja og/eða Samorku og Orkustofnunar komi sér saman um verklag á því sviði sem frumvarpið fjallar um fremur enn með lagaboði.

Orkuveita Reykjavíkur leggur áherslu á að boðuð reglugerð verði unnin í náinni samvinnu við orkufyrirtækin og aðra sem málið varðar.

Virðingarfyllst,
f.h. Orkuveitu Reykjavíkur



Hjörleifur B. Kvaran hrl.

Alþingi
Erindi nr. Þ 133/445
komudagur 1.12.2006

DAGSETNING

TILVÍSUN

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 29. nóvember 2006 2006110363
T-ums 14/06


Umsögn um 367. mál, frumvarp til laga um Orkustofnun

Með bréfi háttvirtrar iðnaðarnefndar Alþingis, dagsettu 22. nóvember 2006, er óskað umsagnar ríkisskattstjóra um frumvarp á þingskjali 399, um breytingu á lögum nr. 87/2003, um Orkustofnun. Fer hún hér á eftir.

Í 2. gr. frumvarpsins er lagt til að Orkustofnun verði heimilt að afla tiltekinna gagna og í því sambandi að beita dagsektum vegna vanskila. Tiltekið er að ákvörðun um dagsektir skuli tilkynna þeim er hún beinist að, skriflega eða á annan sannanlegan hátt. Þá er tiltekið að ákvarðanir um dagsektir skuli vera aðfararhæfar. Ekki er tiltekið hvort ákvarðanir um dagsektir skuli vera kærnanlegar og þá til hvaða stjórnvalds og innan hvaða frests. Ætla verður að ákvarðanir af umræddum toga séu kærnanlegar til æðra stjórnvalds samkvæmt almennum reglum stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Þá er í frumvarpinu ekki tekið á því hvort ákvörðun um dagsektir verði borin undir dómstóla án þess kæruleiðir stjórnsýslunnar séu fyrst tæmdar.

Virðingarfyllst


Ingvar J. Rögnvaldsson


Sigurjón Högnason

Alþingi – nefndasvið
Iðnaðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 29. nóvember 2006

Efni: Frumvarp til laga um Orkustofnun, 367. mál

Samorka hefur fengið til umsagnar frá iðnaðarnefnd Alþingis frv. til laga um Orkustofnun, 367. mál þessa lögjafarþings á þskj. 399.

Gerð er athugasemd við 2. gr. frumvarpsins:

Gögn er varða nýtingu jarðrænna auðlinda geta verið af margvíslegum toga. Þau geta verið almenns eðlis og öllum opin eða gögn um fagleg málefni sem meðhöndla þarf sérstaklega eða gögn sem varða viðskiptahagsmuni.


Full ástæða er til að gæta varúðar þegar sett eru ákvæði í lög um afhendingarskyldu gagna frá starfsemi í samkeppnisumhverfi.

Við leggjum áherslu á að boðuð reglugerð verði unnin í náinni samvinnu við aðila er málið varðar.

Efast má um að ákvæði um dagsektir til þess að efla skilavilja séu rétt leið, heldur þurfi að styrkja samstarf milli Orkustofnunar og orkufyrirtækja til þess að virkja betur þennan þátt.

Virðingarfyllst,

f.h. Samorku,



Eiríkur Bogason, framkvæmdastjóri



Alþingi
Erindi nr. P 133/661
komudagur 15.12.2006

Nefndasvið Alþingis
Iðnaðarnefnd
Alþingi
150 Reykjavík


Hvammstanga 8. desember 2006

Málefni: Frumvarp til laga um Orkustofnun, 367. mál, tilfærsla vatnamælinga, gagnaöflun um orkulindir o.fl.

Á fundi stjórnar SSNV, sem haldinn var 5. desember sl., var frumvarp til laga um Orkustofnun, 367. mál, tilfærsla vatnamælinga, gagnaöflun um orkulindir o.fl., tekið til umsagnar. Stjórn SSNV gerir ekki athugasemdir við framkomið frumvarp.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst



Jakob Magnússon,
framkvæmdastjóri SSNV.

Alþingi
Erindi nr. P 133/413
komudagur 30.11.2006

Ingvar Þór Sigurðsson

From: Þórarinn Jóhannsson [thj@os.is]
Sent: 30. nóvember 2006 12:10
To: Ingvar Þór Sigurðsson; Hjálmar Árnason
Cc: Orkugarður
Subject: Leiðrétt: Svar starfsmanna Vatnamælinga vegna fyrirspurnar iðnaðarnefndar

Tilvísun í mál: 2006110019

Starfsmenn Vatnamælinga hittust á fundi í dag og samþykktu eftirfarandi:

Starfsmenn Vatnamælinga telja að betra væri að koma starfsemi vatnamælinga fyrir í sjálfstæðri stofnun á sviði vatnafræði en leggjast ekki gegn því að frumvarp til laga um breytingu á lögum um Orkustofnun verði samþykkt.

Orkustofnun, 30. nóvember 2006

F.h. starfsmanna,

Þórarinn Jóhannsson

30.11.2006

Alþingi
Erindi nr. Þ 133/380
komudagur 28.11.2006

Athugasemdir starfsmanna Vatnamælinga við frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 87/2003, um Orkustofnun

Starfsmenn Vatnamælinga lýsa áhyggjum vegna þess skamma tíma sem veittur er til undirbúnings vegna flutnings á starfsemi Vatnamælinga frá Orkustofnun. Hér er um afar mikils verðan málaflokk að ræða og verður vart þolað að umfjöllun þar um sé óvönduð eða yfirborðskennnd. Ekki var haft samráð við starfsmenn Vatnamælinga við undirbúning frumvarpsins.

Í 2. kafla athugasemnda við lagafrumvarpið segir að ítarlega hafi verið kannað hvort vatnafarsrannsóknnum Vatnamælinga Orkustofnunar væri betur fyrirkomíð með öðrum hætti. Ekki hefur verið sýnt að mikið hafi verið lagt upp úr því að kanna ávinning af sameiningu Vatnamælinga við ÍSOR áður en ákvörðun var tekin. Starfsemi Vatnamælinga stendur traustum fótum og er vel rekin fjárhagslega sjálfstæð eining í afar góðum tengslum við hagsmunaaðila og viðskiptavini.

Að því er starfsmönnum hefur verið tjáð þá er að því stefnt að gera ÍSOR að hlutafélagi og jafnvel setja á frjálsan markað innan skamms. Einkavæðing grunnmælakerfis Vatnamælinga gæti orkað tvímælis þar sem um náttúrulega einokunarstöðu er að ræða.

Starfsmenn Vatnamælinga telja að gengið sé í berhogg við álit nefndar Sveinbjörns Björnssonar um rannsóknir og vöktun á vatnafari þar sem leitað var álit mikilvægustu hagsmunaaðila. Þar er lagt til að ef sameining við Veðurstofu Íslands á sviði veðurmælinga og veðurfars og/eða Veidimálastofnun takist ekki verði Vatnamælingar gerðar að sjálfstæðri stofnun eða sérstöku fyrirtæki undir iðnaðarráðuneyti.

Einnig kemur fram í því nefndaráliti að sameining við ÍSOR sé hvorki auðveld né skynsamleg. Í nefndaráliti segir: „Þar er m.a. rétt að hafa í huga það markmið að blanda ekki einingu sem þjónar öðrum með gagnaöflun saman við einingu sem lifir á ráðgjöf og þeim rannsóknum sem slíkt kallar á“. Starfsmenn telja að með því að vista Vatnamælingar á Íslenskum orkurannsóknum séu vatnafarsrannsóknir tengdar orkumálum um of og þar með minnki möguleikar á tengingu við aðrar stofnanir á sviði vatnafarsrannsókna, m.a. í samhengi við Vatnatilskipun Evrópusambandsins.

Starfsmenn Vatnamælinga Orkustofnunar telja að vatnafarsrannsóknum sé best komið á höndum óháðrar og sjálfstæðrar stofnunar á sviði vatnafræði.

Starfsmenn hafa gengið af heilindum og með opnum huga til sameiningar Vatnamælinga og ÍSOR og munu gera það áfram ef mál skipast svo.

Alþingi
Erindi nr. P 133/573
komudagur 5.12.2006

Ingvar Þór Sigurðsson

From: Þórarinn Jóhannsson [thj@os.is]
Sent: 4. desember 2006 16:34
To: Ingvar Þór Sigurðsson; Hjálmar Ámason
Cc: Þorkell Helgason; Ólafur G. Flóvenz; VM Allir
Subject: Afstaða starfsmanna Vatnamælinga Orkustofnunar til flutnings til ÍSOR

Tilvísun í mál: 2006110019

Orkustofnun, 4. desember 2006

Í ljósi breyttra aðstæðna og frekari umræðu vegna fyrirhugaðs flutnings Vatnamælinga Orkustofnunar til Íslenskra orkurannsóknna var eftirfarandi ályktun samþykkt á fundi starfsmanna Vatnamælinga í dag:

Starfsmenn Vatnamælinga Orkustofnunar leggjast gegn því að starfsemi Vatnamælinga verði flutt til Íslenskra Orkurannsóknna (ÍSOR).

Til fundar voru mættir 20 starfsmenn af 27. Atkvæði féllu þannig að 13 voru samþykkir ályktuninni, 5 voru henni mótfallnir og 2 skiluðu auðu.

F.h. starfsmanna Vatnamælinga,

Þórarinn Jóhannsson

Afrit

Valgerður Sverrisdóttir
Iðnaðar- og viðskiptaráðherra
Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu
Arnarhvíli
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. 133/561
komudagur 5.12.2006

Reykjavík, 29. mars 2005
Tilvísun : IVR04040081/13.310/HB

Varðar: Könnun á möguleikum til sameiningar vatnarannsóknna og veðurrannsóknna

Með bréfi dags. 9. des. 2004 fól iðnaðarráðherra undirrituðum að kanna möguleika á sameiningu Vatnamælinga Orkustofnunar við hluta af starfsemi Veðurstofunnar og Veiðimálastofnunar í sérstakri stofnun eða fyrirtæki í eigu ríkisins. Tílefni þessarar könnunar var álit nefndar um stefnumörkun rannsókna og vöktunar á vatnafari landsins dags. 11. nóv. 2003 þar sem reifaðar voru hugmyndir um hvernig væri unnt að þróa starfsemi Vatnamælinga yfir í sérstaka vatnafræðistofnun, sem sinni umfangsmeiri verkefnum en Vatnamælingar gera í dag.

Könnunarviðræður við veðurstofustjóra og aðra forsvarsmenn Veðurstofu Íslands, orkumálastjóra og forsvarsmenn Vatnamælinga Orkustofnunar, svo og forstöðumann Veiðimálastofnunar og Ingimar Jóhannsson skrifstofustjóra í landbúnaðarráðuneytinu hafa leitt til tveggja greinargerða sem fylgja þessu bréfi.

Í minnisblaði Veðurstofu Íslands (Fskj.1) kemur fram að hún telur að ná megi verulegri hagræðingu og faglegum ávinningi með því að sameina Veðurstofuna og Vatnamælingar Orkustofnunar í eina ríkisstofnun. Veðurstofan hafnar þeim kosti að kljúfa mælingastarfsemi Veðurstofunnar frá stofnuninni til að sameina hana starfsemi

í nýrri stofnun sem rekin yrði á viðskiptagrunni eins og Vatnamælingar nú. Veðurstofan telur hins vegar að sameina megi starfsemi þessara ríkisstofnana undir þeim formerkjum að markaðsstarfsemi beggja stofnana verði skilgreind í sérstakri bókhaldseiningu innan hinnar sameinuðu Veður- og vatnastofnunar með vísan til úrskurðar Samkeppnisstofnunar frá árinu 2003 um slíkan aðskilnað á Veðurstofunni. Þau verkefni sem skilgreind væru sem grunnverkefni hins opinbera yrðu þá kostuð með fjárveitingum á fjárlögum en byggðust ekki á viðskiptagrunni eða samningum um verkkaup eins og nú er milli Vatnamælinga og Auðlindadeildar OS.

Í greinargerð Veiðimálastofnunar og Vatnamælinga (Fskj.2) er talið að sameining stofnananna muni breikka það svið sem stofnanirnar fást við og auðvelda þeim að leysa af hendi margþætt verkefni á sviði umhverfismála og vatnarannsókna. Vatnamælingar stunda rannsóknir á vatnafari landsins og afla landfræðilegra upplýsinga um grunnvatn, fallvötn, stöðuvötn og jökla. Á Veiðimálastofnun eru stundaðar rannsóknir á náttúrufari og lífríki í fersku vatni, vistfræði fiskstofna og veitt ráð um nýtingu þeirra og verndun. Báðar stofnanirnar afla gagna með sítandi mælum, sýnatöku og mælingum á vettvangi. Bein samlegð yrði á ýmsum sviðum gagnavinnslu og í rekstri starfsstöðva á landsbyggðinni.

Sameinuð vatnarannsóknastofnun yrði ein af stærri rannsóknastofnunum landsins, með 50 fasta og 5-15 tímaráðna starfsmenn. Stofnunin yrði rekin á viðskiptagrunni og hefði rúmar 500 m.kr. í árlegri veltu. Þar af næmu kaup ríkisins að óbreyttu á sérfræðipjónustu um 175 m.kr. en kaup annarra og styrkir um 325 m.kr. Líklegt er að hagfellt sé fyrir ríkið að fela þessari stofnun aukin verkefni á þessu sviði. Á sviði rannsókna á náttúrufari í fersku vatni yrði hún hliðstæð Hafrannsóknastofnun sem rannsakar náttúrufar í sjó og Náttúrufræðistofnun sem rannsakar náttúrufar á landi.

Málefni vatns falla undir mörg ráðuneyti. Málefni Veiðimálastofnunar eru á forræði landbúnaðarráðuneytisins en málefni Vatnamælinga heyra undir iðnaðarráðuneytið. Mikilvægir þættir er lúta að vatni eru á hendi umhverfisráðuneytisins, þar á meðal væntanleg framkvæmd tilskipunar Evrópusambandsins um vatn og vatnabúskap sem fyrst og fremst fjallar um verndun vistgæða vatns. Önnur ráðuneyti koma einnig við sögu svo sem sjávarútvegsráðuneytið vegna strandsjávar, samgönguráðuneytið vegna samgöngumannvirkja, dómsmálaráðuneytið vegna almannavár, menntamálaráðuneytið vegna almennra rannsókna og menntunar, og utanríkisráðuneytið vegna varnarsvæða, alþjóðasamstarfs og þróunar-

samvinnu. Þar sem ekki er augljóst undir hvaða ráðuneyti stofnunin ætti að heyra er að því vikið í greinargerðinni að rekstrarform hlutafélags í eigu ríkisins gæti best hentað starfseminni og þar gætu þau ráðuneyti átt fulltrúa í stjórn sem mestan hag hafa af stofnuninni.

Í greinargerðinni er mælt með því að óvissu um framtíð stofnananna verði eytt og ákvörðun tekin um framtíð þeirra. Hagfelld virðist að sameina Veiðimálastofnun og Vatnamælingar sem fyrst en jafnframt gerður rammisamningur um þau atriði sem bæta þarf úr eða skilgreina nánar. Huga þarf að réttindum starfsmanna, sameiginlegu húsnæði, rekstri útibúa, sameiginlegum gagnagrunni og verkefnum á sviði vatnarannsóknna sem ekki hefur verið sinnt sem skyldi hingað til. Sameining stofnananna krefst takmarkaðra lagabreytinga, á lögum um lax- og silungsveiði sem nú eru í endurskoðun, og á lögum um Orkustofnun. Þá kann að vera nauðsynlegt að breyta einstaka ákvæði í öðrum lögum en það mætti líklega gera síðar.


Niðurstaða

Undirritaðir taka undir það sjónarmið Veðurstofunnar að ná megi verulegri hagræðingu og faglegum ávinningi með nánara samstarfi vatnarannsóknna og veðurrannsóknna. Brýnt er að hugað verði áfram að slíku samstarfi. Við teljum hins vegar þann kost sem Veðurstofan mælir með ekki fýsilegan, að sameina stofnanirnar í hefðbundinni ríkisstofnun með blandaðan rekstur fjárveitinga af fjárlögum annars vegar og markaðsstarfsemi hins vegar. Fyrir iðnaðarráðuneytið væri afturhvarf til beinna fjárveitinga á fjárlögum til Vatnamælinga ekki áhugavert í ljósi þeirrar reynslu sem fengist hefur af kaupum á þessari þjónustu á viðskiptagrunni með markvissum verksamningum undanfarin 7 ár. Enn síður ef þessar fjárveitingar væru á valdi umhverfisráðuneytisins og iðnaðarráðuneytið réði engu um áherslur og viðfangsefni.

Til að brúa það bil sem er á milli aðila í hugmyndum um skipulag og rekstur þarf ítarlegt nefndarstarf og hugsanlega breytingar á lögum. Veðurstofan hefur lýst sig viljuga til þessa starfs en við teljum okkur ekki hafa umboð til þess. Sú vinna gæti tekið nokkur ár, áður en ákjósanlegar leiðir myndu. Í stað þess að biðja eftir niðurstöðu í því máli leggjum við eindregið til að nú verði ákveðið að sameina starfsemi Veiðimálastofnunar og Vatnamælinga í vatnarannsóknastofnun og henni verði falið að leita leiða til nánara samstarfs við Veðurstofuna með fulltingi þeirra ráðuneyta sem fulltrúa eiga í stjórn vatnarannsóknastofnunarinnar. Í ljósi þess hve vatnarannsóknir ná inn á verksvið margra ráðuneyta, og að meginhluti tekna kemur frá öðrum viðskiptavinum, gæti reynst farsælast að sameinaða stofnunin yrði rekin á viðskiptagrunni sem hlutafélag í eigu ríkisins og tenging við ráðuneytin yrði gegnum fulltrúa þeirra í stjórn stofnunarinnar. Miðað við þau viðfangsefni sem við blasa, þ. á m. nánara samstarf við Veðurstofuna, væri eðlilegt að iðnaðarráðuneytið, landbúnaðarráðuneytið og umhverfisráðuneytið tilnefndu hvert sinn fulltrúa í stjórnina. Vatnarannsóknastofnunin yrði meðal stærri rannsóknastofnana landsins og líklegt er að hún mundi enn vaxa ef samningar tækjust við viðskiptaaðila sem nú reka eigin vatnarannsóknir en vildu fremur kaupa þær af hinni nýju stofnun.

Ef stjórnvöld hyggjast fara að þessum ráðum er mikilvægt gagnvart starfsmönnum að samþykkt verði aðgerðaráætlun um sameiningu Veiðimálastofnunar og Vatnamælinga hið fyrsta.

Virðingarfyllt


Helgi Bjarnason Ingimar Sigurðsson Sveinbjörn Björnsson

Fylgiskjöl:

1. Vatnamælingar Okustofnunar- Veðurstofa Íslands. Minnisblað Veðurstofunnar til Vatnamælinganefndar iðnaðarráðherra. Undirritað af Magnúsi Jónssyni veðurstofustjóra 15. 2.05, 3 bls.
2. Greinargerð vegna hugsanlegrar sameiningar á Vatnamælingum Orkustofnunar og Veiðimálastofnun. Sigurður Guðjónsson Veiðimálastofnun og Árni Snorrason Vatnamælingum Orkustofnunar, febrúar 2005, 11 bls.

Greinargerð vegna hugsanlegrar sameiningar á Vatnamælingum Orkustofnunar og Veiðimálastofnun

**Sigurður Guðjónsson Veiðimálastofnun og
Árni Snorrason Vatnamælingum Orkustofnunar
Febrúar 2005**

Inngangur

Um nokkurt skeið hefur verið rætt um það hvort heppilegt sé að sameina þann rekstur ríkisins sem snertir rannsóknir á vatni. Iðnaðarráðherra skipaði nefnd til að fjalla um þessi mál og í henni áttu sæti fulltrúar iðnaðar-, landbúnaðar-, samgöngu- og umhverfisráðuneytis auk Landsvirkjunar. Nefndin skilaði niðurstöðu í lok árs 2003 og lagði til að könnuð yrði sameining Vatnamælinga Orkustofnunar, VM, Veiðimálastofnunar, VMST, og þess hluta Veðurstofunnar sem sér um veðurmælingar og veðurfar.

Eðlilegt er að skoða þessa starfsemi sem hluta af ákveðnu umbótaferli sem miðar að skýrari verkaskiptingu og hagræðingu í rannsóknarstarfi ríkisins. Vatn kemur við sögu á flestum sviðum samfélagsins og úrlausnarefni tengd því verða sífellt fjölbreyttari og mikilvægari. Því er í senn áriðandi að styrkja þá starfsemi sem ríkið hefur byggt upp til rannsókna og eftirlits með vatnsauðlindinni og lífi í vatni, efla enn trúverðugleika hennar og breikka faglegan grundvöll. Jafnframt þarf að finna starfseminni farveg sem þjónar ekki aðeins einu ráðuneyti eða tveimur, heldur fjölmörgum, og viðheldur jafnframt trausti ólíkra afla í þjóðfélaginu.

Bæði Vatnamælingar Orkustofnunar og Veiðimálastofnun stunda rannsóknir á vatni og því sem í því er, en sitt á hvoru sviðinu. Vatnamælingar stunda rannsóknir og upplýsingaöflun um vatnafar landsins (þ.á m. rennsli, vatnsbúskap, þurrðir og flóð, straumfræði, grunnvatn, snjó, jökla, svifaur, botnskrið, hitafar, ísalög og efnafræði vatns) og einnig aflar stofnunin landfræðilegra upplýsinga (t.d. vatnaskrá, afrennsliskort, kortlagning jökla, dýptarkort lóna og stöðuvatna, farvegamælingar og vatnajarðfræði). Upplýsingum er bæði miðlað samtímis á vefnum og þeim safnað til frekari úrvinnslu síðar, allt eftir atvikum. Á Veiðimálastofnun eru stundaðar rannsóknir á náttúrufari í fersku vatni, lífríkisrannsóknir í vötnum, rannsóknir og ráðgjöf er varðar veiðinýtingu, rannsóknir á fiskstofnum í veiði, vistfræði fiskstofna, erfðafræði þeirra, sjávardvöl sjógenginna fiskstofna, fiskrækt í ám og vötnum og ráðgjöf um nýtingu og verndun ferskvatnsfiska. Stofnunin hefur einnig safnað og

unnið úr veiðitölum á ferskvatnsfiskum. Auk þess er fiskeldi á verkefnaskrá Veiðimálastofnunar en takmörkuð vinna hefur verið undanfarin ár á því sviði. Stofnunin hefur unnið gögn sín á landfræðilegan máta (vistfræðileg flokkun áa og vatna, kortlagning búsvæða í ám og vötnum). Stofnunin hefur sinnt ráðgjöf til stjórnvalda á sínu starfssviði, til veiðifélaga er varðar nýtingu og ræktun og til verkkaupa er varðar áhrif og tilhögun framkvæmda við vötn.

Vatnsauðlindin er dýrmæt auðlind og mikilvægur hluti af náttúru landsins. Heildstæð nýting hennar, hvort sem er til orkuframleiðslu, neyslu, veiði eða verndar verður að byggja á þekkingu á gerð hennar og eðli. Bæði VM og VMST hafa um árabil stundað rannsóknir á hinum ýmsu hliðum auðlindarinnar sem reynst hafa forsendur ákvarðana um nýtingu og verndun.

Greining á kostum og göllum sameiningar

Í framhaldi af niðurstöðum nefndarinnar skipaði iðnaðarráðherra vinnuhóp til að kanna möguleika á sameiningu á mælingum á veður- og vatnafari sem stundaðar eru á Veðurstofu, Vatnamælingum Orkustofnunar og Veiðimálastofnun í eina stofnun/fyrirtæki. Eftir fundi vinnuhópsins með forstöðumanni VM annars vegar og hins vegar með forstjóra VMST og deildarstjóra í landbúnaðarráðuneyti var ljóst að bæði á VM og á VMST var áhugi á því að skoða þessi mál af fullri alvöru. Að frumkvæði formanns vinnuhópsins var síðan ýtt af stað vinnu við greiningu á starfsemi stofnananna og þeim kostum og göllum sem sameiningu þeirra fylgdi. Til þess að skipuleggja vinnuna hittist hópur stjórnenda af báðum stofnunum og var verklagið kynnt á starfsmannafundum á báðum stöðum. Ákveðið var að fara yfir helstu þætti í starfsemi beggja stofnana í fjórum hópum þar sem tveir (upp í fjórir) starfsmenn af hvorri stofnun komu saman. Hóparnir áttu að kanna hver sitt svið en þau eru:

- Fagleg málefni
- Gagnasöfnun og mælingar
- Gagnagrunnar og upplýsingatækni
- Rekstur og stjórnun

Hóparnir nýttu svokallaða SVÓT greiningu við verkið þar sem farið var yfir styrkleika, veikleika, ógnanir og tækifæri sem fælust í samruna þessara eininga. Einnig voru hóparnir frjálssir að koma með allar þær hugrenningar sem upp komu varðandi málið. Hóparnir skiluðu allir niðurstöðum sem farið var yfir á fundi helstu stjórnenda og hópstjóra sem gerðu grein fyrir niðurstöðum hvers hóps. Hér verður leitast við að greina frá helstu niðurstöðum auk þess sem farið verður yfir hvað til þarf ef til sameiningar á að koma. Sjálfa greiningu hópanna má sjá í viðauka hér á eftir.

Helstu niðurstöður

Margt er líkt í starfsemi Vatnamælinga Orkustofnunar og Veiðimálastofnunar þó að starfssviðið sé ekki það sama. Sameining mun fyrst og fremst breikka það faglega svið sem ný stofnun/fyrirtæki væri að fást við, faglegur styrkur myndi aukast og hann yrði víðtækari. Í slíkri stofnun/fyrirtæki yrði til á einum stað sérþekking og gögn er varðar flest er lýtur að fersku vatni, allt frá eðlis- og efnafræðilegum þáttum upp í vatnalíf og veiðinýtingu fiskstofna. Líkur til þverfaglegrar nálgunar myndu stórukast sem gefur möguleika á nýjum lausnum á viðfangsefnum og er í anda þeirrar þróunar sem ræður hugmyndafræði ESB á sviði umhverfismála og rannsókna tengdum vatni. Aukinn styrkur mun birtast í meiri hæfni til að takast á við stærri og fjölbreyttari verkefni, betri möguleikum á samvinnu við aðra innlenda og erlenda rannsóknaraðila og færi á að sækja í sjóði til stærri verkefna. Úrvinnsla og túlkun gagna og skýrslugerð er fyrirferðarmikil á báðum stofnunum auk þess sem greinarskrif í vísindarit eru umtalsverð á báðum bæjum. Þetta þýðir jafnframt að báðar stofnanir hafa og verða að hafa á að skipa sérmenntuðu og vel þjálfuðu starfsfólki. Þar liggur mesti styrkur beggja.

Starfið á báðum stofnunum felst m.a. í að afla gagna með síritandi mælingum og sýnatöku og mælingum á vettvangi. Möguleikar eru á hagræðingu við samþættingu í mælingum og rekstri mælakerfa beggja aðila. Einnig eru sóknarfæri í frekari söfnun og miðlun upplýsinga á vefnum. Aukin stærð eykur möguleika á hagræðingu í rekstri og samnýtingu tækjabúnaðar, auk þess sem stærri stofnun/fyrirtæki ber öflugri tækniþjónustu.

Gögn eru unnin og sett í gagnagrunn með landfræðilegri tengingu svo unnt sé að kalla gögn upp með kortagrunni og greina þau á landfræðilegan og tölfraðilegan hátt. Bein samlegð yrði á ýmsum sviðum gagnavinnslu, s.s. samþættingu á sviði úrvinnsluforrita, gagnagrunna og landfræðilegrar framsetningar og nýtingu gagna með

nútímaupplýsingatækni. Sívaxandi kröfu samfélagsins um upplýsingar verður einnig að mæta með öflugri og vandaðri vefmiðlun gagna um þessa þætti í náttúru landsins.

Samlegðar er sömuleiðis að vænta í almennum rekstri, svo sem skrifstofuhaldi, rekstri húsnæðis og ekki síst í rekstri starfsstöðva á landsbyggðinni. Samnýting tækja og mannafla myndi einnig skila rekstrarlegum ávinningi. Sameinuð stofnun/fyrirtæki fengi aukinn efnahagslegan styrk og þyldi sveiflur betur þar sem líklegt er að þær yrðu ekki samtímis á öllum starfssviðum stofnunarinnar. Stofnanirnar reka báðar starfsstöðvar á landsbyggðinni. Vatnamælingar á Egilsstöðum, en Veiðimálastofnun á Selfossi, á Hvanneyri í Borgarfirði og í Skagafirði. Við sameiningu aukast verulega möguleikar á öflugri og styrkari rekstri slíkra starfsstöðva, bæði hvað varðar faglega vinnu og almennan rekstur.

Með sameiningu væri komið á fót stofnun/fyrirtæki er sinnti flestu sem lýtur að rannsóknum á náttúrufari í fersku vatni. Fyrir eru stofnanir er sjá um allt náttúrufar í sjó, Hafrannsóknarstofnun, og á þurru landi, Náttúrufræðistofnun. Hugmyndin að sameinaðri vatnafræðistofnun fellur því vel að stofnanafyrirkomulagi ríkisins og markar jafnframt skref í átt til þróunar og framfara. Gengið er út frá því að stofnunin/fyrirtækið verði rekið á viðskiptalegum grunni og tekjur þess byggji alfarið á samningum við ríkið og aðra viðskiptavinum þess. Jafnframt er gert ráð fyrir því að samningar þessir skili viðunandi framlegð sem standi undir fjárfestingu, afskriftum og faglegri þróun.

Eðlilega vakna spurningar þegar breytingar eru boðaðar, og við sumum þeirra fást ekki svör að svo komnu máli. Starfsfólk óttast um sinn hag meðan óvissa ríkir. Til þess að minnka alla óvissu eru reifaðir hér á eftir ýmsir þættir sem taka þarf á við sameiningu.

Mikilvægt er að greina helstu veikleika og gera upp helsta fortíðarvanda er varðar rannsóknir og gögn. Með því að sameina VM og VMST verður á einni hendi flest er viðkemur rannsóknum á köldu ferskvatni. Þá mun koma í ljós hvort ákveðnum þáttum hafi ekki verið sinnt sem skyldi, enda málefni vatns á allnokkrum stöðum í stjórnkerfinu (ráðuneytum). Í framhaldi af því þarf að gera rammamarkmið sem tekur á þeim atriðum sem bæta þarf úr. Hluti af slíkum samningi þarf að taka til skilgreindra verkefna við að koma eldri gögnum í gagnagrunn og gera þau bæði sýnileg og aðgengileg í landfræðilegum upplýsingakerfum.

Talsverður kostnaður fylgir sameiningu. Koma þarf starfseminni fyrir í sameiginlegu húsnæði og samræma starfið og endurskipuleggja. M.a. þarf að

endurskipuleggja starfsemi útibúanna og finna þeim styrkan rekstrargrundvöll. Vanda þarf vel til verka þannig að öll mikilvægustu svið starfseminnar fái notið sín. Ljóst er að einnig þarf að huga að viðhorfum helstu viðskiptahópa og notenda þjónustunnar.

Málefnum stofnunarinnar/fyrirtækisins þarf að finna heppilegan sess í stjórnkerfinu. Málefni Veiðimálastofnunar eru á forræði landbúnaðarráðuneytis, málefni Vatnamælinga tilheyra iðnaðarráðuneyti en ákveðnir þættir er lúta að vatni eru á hendi umhverfisráðuneytis, þar á meðal væntanleg lögleiðing tilskipunar Evrópu um verndun vistgæða vatns. Önnur ráðuneyti koma einnig við sögu, svo sem sjávarútvegsráðuneyti vegna strandsjávar, félagsmálaráðuneyti hvað snertir neysluvatn, dómsmálaráðuneyti varðandi almannavá, samgönguráðuneytið vegna samgöngumannvirkja, menntamálaráðuneyti hvað snertir rannsóknir og utanríkisráðuneyti vegna alþjóðasamstarfs. Á vistun þarf að finna lausn, en hugsanlegt er að hlutafélag í eigu ríkisins gæti leyst þann vanda, og það rekstarform hentar e.t.v. einnig starfsemi. Gera má ráð fyrir að allt núverandi starfsfólk þessara stofnana yrði starfsfólk sameinaðrar stofnunar/fyrirtækis. Þá þarf að tryggja fjárhagslega getu sameinaðrar stofnunar/fyrirtækis til endur- og símenntunar starfsfólks og eðlilega endurnýjun sérmenntaðs fólks. Síðast en ekki síst þarf að tryggja að fólk geti varðveitt lífeyrisréttindi sín .

Sameining mun kalla á takmarkaðar lagabreytingar strax, bæði á lögum um lax- og silungsveiði sem nú eru í endurskoðun, sem og á lögum um Orkustofnun. Þá kann að vera nauðsynlegt að breyta einstaka ákvæði í öðrum lögum en það má líklega gera síðar.

Samantekt

Meginniðurstöður greiningar Vatnamælinga Orkustofnunar og Veiðimálastofnunar leiða í ljós að verulegur ávinningur yrði af sameiningu þessarar starfsemi, sér í lagi ef tekið er á þeim atriðum sem að framan er getið. Í fyrsta lagi yrði faglegur styrkur umtalsvert meiri sem býður upp á betri þjónustu og sóknarfæri innanlands sem utan. Í öðru lagi yrði fjárhagslegur styrkur nægilegur til að fylgja slíkum áformum eftir. Í þriðja lagi yrði með sameiningu hægt að finna útibúum viðunandi faglega stöðu og rekstrarlegan styrk.

Gera þarf skuldbindandi samninga við ríkið um grunnrannsóknir. Slíkar rannsóknir leiða til nýrrar þekkingar sem nýta má til betri og markvissari ákvarðana um nýtingu og/eða verndun vatnsauðlindarinnar. Verðlagning þjónustunnar þarf að

vera með þeim hætti að hún standi undir fjárfestingu, afskriftum og faglegri þróun. Hvort tveggja tryggir að stofnunin/fyrirtækið sé ávallt í fararbroddi.

Mikilvægt er að ákvörðun sé tekin fljótt og niðurstaða gerð kunnug þar sem öll óvissa getur skaðað starfsemi þessara stofnana. Ef niðurstaðan verður að sameina eigi stofnanirnar er mikilvægt að gengið sé í málið og aðgerðaáætlun sé gerð, samþykkt af ríkisstjórn og kynnt á opinberum vettvangi.

VIÐAUKI 1. Samanburður á rekstrarreikningi Vatnamælinga OS og Veiðimálastofnunar.


28. febrúar 2005

Upphæðir í þús. kr.

	Veiðimálastofnun		Vatnamælingar		Samtals	
	2004	2005 Áætlun	2004	2005 Áætlun	2004	2005 Áætlun
Rekstrartekjur						
Fjárveiting	55.500	49.200	0	0	55.500	49.200
Seld þjónusta og styrkir	78.912	90.800	340.939	344.000	419.851	434.800
					0	0
Rekstrartekjur alls	134.412	140.000	340.939	344.000	475.351	484.000
Rekstrargjöld						
Laun og launatengd gjöld	92.576	94.000	180.366	176.000	272.942	270.000
Annar rekstrarkostnaður	25.269	26.000	55.000	54.000	80.269	80.000
Húsnæðis- og skrifstofukostnaður	15.000	15.500	49.760	66.600	64.760	82.100
Innri kostnaður			20.240	20.400		
Stofnkostnaður	2.101	4.500	29.303	27.000	31.404	31.500
Rekstrargjöld samtals	134.946	140.000	334.669	344.000	469.615	484.000
Mismunur (- halli)	-534	0	6.270	0		

Starfsemi og rekstur						
Starfsfólk:						
Fastir starfsmenn	18	18	32	32		50
Tímaráðnir starfsmenn	4	2	11	5		7
Vinnustundir			84.234	80.000		
Bílafjöldi	5	5	6	6		
Húsnæðismál:						
Skrifstofurými	390	390	450	1180		
Geymslurými	110	110	396	917		

VIÐAUKI 2. Hugmynd að skipuriti sameiginlegrar stofnunar/fyrirtækis Vatnamælinga OS og Veiðimálastofnunar.



VIÐAUKI 3. Niðurstöður SVÓT greiningar Vatnamælinga OS og Veidimálastofnunar.

Styrkleikar:	
Hópur 1 Rekstur	<p>Víðara og heilsteypara starfssvið Þjónusta á öllu sem viðvíkur vatni (frá mælingum vatns til mats á auðlind) Samnýting starfsfólks Hæft starfsfólk á breiðu sviði Efnahagslegur styrkur aukinn Viðhalda hlutleysi og trúverðugleika Hagræðing í stoðþjónustu Samnýting skrifstofuþjónustu (bókhalds- og símaþjónusta, áætlanir, starfsmannahald, bókasafni og mötuneyti) Samnýting á húsnæði Samnýting á tölvum, áhöldum, bifreiðum, bátum Hagkvæmni í rekstri útibúa nálægð við kaupendur, þjónusta við svæðið, pólitísk velvild</p>
Hópur 2 Gagnasöfnun, mælingar	<p>Aukin stærð og fjölbreytni verkefna (flóknari verkefni) Mannafla með fjölbreyttari þekkingu Fjölbreyttari tækjabúnaður og betri nýting hans til mælinga og sýnatöku Einhver samnýting feltferða (t.d. eftirlit og aflestur af mælum, laxateljurum) Stoðþjónusta betri – bókasafn, tölvur, tölfraeðingur osfr. Samnýting mannafla, sérstaklega aðstoðarfólks, bíla, báta og annars búnaðar Sveiflujöfnun verkefna og tekna frá tíma til tíma</p>
Hópur 3 Gagnagrunnur, upplýsingatækni	<p>Fjölbreyttari gögn og verkefni Aðgangur Veidimálastofnunar að landfræðilegum upplýsingagrunni Samnýting hugbúnaðarleyfa Rekstrarleg hagnýting vegna kaupa á vélbúnaði og sérþekkingu Stærri, öflugri og verðmætari gagnagrunnar Styrkur í stærðinni Aðgangur að sérþekkingu (forriturum) Samlegð af mörgum verkefnum Aukin stærð – auðveldara að vera sýnileg t.d. á netinu Útjöfnun á sveiflum á milli verkefnasviða Betri staða í tengslum við alþjóðleg verkefni</p>
Hópur 4 Fagleg efni	<p>Breiður sérfræðibakgrunnur í flestum þáttum er viðkemur vatnafræði og vatnalíffræði Sameinuð stofnun gefur víðtækari möguleika á alhliða faglegri þjónustu Víðtæk þekking og aðgangur að gögnum og sérfræðiþekkingu sem lúta að vatni og vatnalífi innan sömu stofnunar Hagstæð aldursdreifing innan beggja stofnana. Um 50% af starfsfólkinu með master eða doktorspróf Sameining gefur möguleika á faglegri styrkingu landsbyggðarstarfsemi</p>

Veikleikar:	
Hópur 1 Rekstur	<p>Ágreiningur um stöðuna á markaði og faglegt stofnanaumhverfi</p> <p>Fáir stórir viðskiptavinir</p> <p>Flóknari samþætting og áætlanagerð</p> <p>Hætta á núningi milli hópa</p>
Hópur 2 Gagnasöfnun, mælingar	<p>Lítill skörun verksviða (líffræði vs. eðlisfræði) ath. sjávarrannsóknir</p> <p>Lítill samnýting sérhæfðs tækjabúnaðar</p> <p>Mismunandi fræðigreinar þ.a.l. ekki hlaupið í skarðið fyrir hvern annan</p> <p>Líffræðigögn nýtast starfsemi VMOS lítið en eðlisfr. gögn nýtast VMST töluvert</p> <p>Mismunandi tilgangur gagnasöfnunar? Fræðilegur – sölumiðaður – ekki sammála, verkefni verða ekki minna fræðileg né að við setjum minni kröfur um gæði á gögnum þó við skilgreinum verkefni í samningum</p> <p>Veiðimálastofnun ætlað að sinna ráðgjöf samkv. lögum en ekki VMOS</p>
Hópur 3 Gagnagrunnur, upplýsingatækni	<p>Mikill munur er á stöðu Veiðimálastofnunar og Vatnamælinga á sviði GIS gagnagrunna og hugbúnaðargerðar, sem getur haft hamlandi áhrif á framfarir við viðmót, vefsjár og gagnagrunnstækni. Mikil vinna fólgin í að gagnagrunns-taka svo ólík gögn sem hér um ræðir. Veiðimálastofnun er ekki með GIS-kerfi og mun það líklega kosta mikla vinnu að aðlaga göng þeirra að slíku kerfi</p> <p>Veiðimálastofnun rekur þrjú útibú á landsbyggðinni. Þau þurfa að vera tengd við höfuðstöðvar. Kostnaður við rekstur slíkra útibúa er mikill og gæti komið niður á annarri vinnu í upplýsingatækni</p> <p>Stofnanirnar eru á ólíkum sviðum – fáir snertifletir – grunnar eru einn af þeim</p> <p>Samræming gagnagrunna tímafrek</p> <p>Eignarhald á gögnum þarf að skilgreina</p> <p>Einhver verk geta tapast (sameining getur þýtt áherslubreytingar sem líklegt er til lengri tíma)</p> <p>Hver á á sinna litla manninum, verkum sem sinnt er á Veiðimálastofnun og ekki er rúkað fyrir</p> <p>Munur er milli þess hversu langt er farið í ráðgjöf - Trúverðugleiki</p> <p>Verður landupplýsingakerfi til og viðhaldið?</p> <p>Ávinningur ekki strax sýnilegur, aðlögun tekur tíma</p> <p>Sameinuð stofnun samt lítil og verksvið vítt</p>
Hópur 4 Fagleg efni	<p>Rannsóknarhefð er ólík á stofnunum, þáttur fræðilegra grunnrannsókna er ríkari á Veiðimálastofnun.</p>

Ógnanir:	
Hópur 1 Rekstur	<p>Tilhneiging fjárveitingavaldsins til niðurskurðar</p> <p>Gagnrýni vegna samkeppnisstöðu sameinaðs fyrirtækis</p> <p>Pólitísk afskipti</p>
Hópur 2 Gagnasöfnun, mælingar	<p>Niðurskurður ríkisframlags vegna mikilla útseldra verkefna (verkfræðistofu effect)</p> <p>Einkavæðing innan seilingar?</p> <p>Grunnrannsóknir bornar fyrir borð – við teljum okkur fyrst og fremst vera í grunnrannsóknum en við sinnum svo sem ekki mikið fræðirannsóknum</p> <p>Tvær tiltölulega óskyldar einingar í sama húsi með sömu yfirstjórn</p>

<p>Hópur 3 Gagnagrunnur, upplýsingatækni</p>	<p>Hætt við að það hægist á þróun og umbótum, að minnsta kosti í upphafi, þar sem áhersla yrði lögð á að aðlaga ólík gögn og kerfi (snýr frekar að OS)</p> <p>Það þarf að vera tryggt að framlegð verkefna skili sér í þróun í upplýsingatækni. - - Verða gagnagrunnar lagðir niður? (Fer eftir stefnumörkun og áherslum í nýrri stofnun)</p> <p>Gagnagrunnar boðnir út og vistaðir úti í bæ</p> <p>Krafa um sparnað/hagræðingu gæti dregið úr faglegri þróun í upplýsingatækni. Áherslan verði á þau verk sem selja. Gæti komið niður á faglegri framþróun</p> <p>Flutningur starfsvettvangs milli landshluta</p>
<p>Hópur 4 Fagleg efni</p>	<p>Hræðsla starfsmanna við niðurskurð á sínu fræðasviði.</p> <p>Möguleiki á núningi á milli ólíkra hópa á sameinaðri stofnun</p> <p>Eignaform gæti haft áhrif á faglega þróun starfseminnar</p>

<p>Tækifæri:</p>	
<p>Hópur 1 Rekstur</p>	<p>Sóknarfæri í erlenda verkefni</p> <p>Það er aukin þörf á þjónustu</p> <p>Aukin nýting á auðlindunum</p> <p>Gerjun vegna þverfaglegrar nálgunar á viðfangsefnum</p> <p>Aukin krafa um umhverfisþekkingu (nýting, vernd)</p> <p>Þróunarverkefni</p> <p>Fyrirtæki sem sannarlega er rekið á viðskiptagrundvelli</p>
<p>Hópur 2 Gagnasöfnun, mælingar</p>	<p>Að hræra upp í hlutunum er sóknartækifæri eitt útaf fyrir sig</p> <p>Fremur möguleiki að kaupa sérhæfð dýr mælitæki</p> <p>Þéttara og kerfisbundnara mælinet eðlisþátta eins og vatnshita og rafleiðni</p> <p>Ný og fjölbreyttari verkefni</p> <p>Vatnatilskipun: hægt að gera heildstæða úttekt á vatnafari og vistkerfi valinna svæða</p>
<p>Hópur 3 Gagnagrunnur, upplýsingatækni</p>	<p>Gera þarf ráð fyrir upplýsingamiðlun í öllum verkefnum og yrði hluti af framlegð verkefna notaður í upplýsingamiðlun og gagnagrunna. Upplýsingamiðlun getur því verið skilgreindur hluti af kostnaði við verk. Þannig er orðin til krafa um að líta á verkefni með öðrum hætti.</p> <p>Með sameiningu við Veiðimálastofnun gæti orðið viðbót á verkefnum í upplýsingatækni. Sem dæmi má nefna nettaðgang í veiðihús, þ.e. aðgang að gögnum með vefsíðu, og viðmót til innsláttar á nýjum gögnum.</p> <p>Samræming gagna</p> <p>Átak í gagnamálum hjá báðum stofnunum</p> <p>Móta öflugt upplýsingatækni - samræma sýn - auka aðgengi að gögnum</p> <p>Breytt ásýnd - Fá nýja ásýnd og ímynd í orkunýtingarmálum - Íslands umhverfisnýting - umhverfisvöktun - skráning og miðlun upplýsinga um náttúrufar</p> <p>Gæti dregið til sín fleiri verkefni</p> <p>Eykur möguleika á EU / norrænu / íslensku fjármagni til rannsókna á sviðum sem snertast</p>
<p>Hópur 4 Fagleg efni</p>	<p>Fagleg efling starfseminnar gefur sóknarfæri í verkefnaöflun, bæði innanlands og erlendis.</p> <p>Sameining á ólíkum ólíkum fagsviðum gefur tækifæri á nýrri hugsunnýjum nálgunum og nýjum verkefnum</p> <p>Meiri efnahagslegur styrkur gefur færi á að fást við stærri verkefni</p>

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

☒ Suðurlandsbraut 24
IS - 108 Reykjavík, Ísland

☎ (+354) 591 2000
Fax (+354) 591 2010
umhverfisstofnun@ust.is
www.umhverfisstofnun.is

**Nefndasvið Alþingis
Iðnaðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík**

30. nóvember 2006

Skjalanúmer: 40

Tilvísun: UST20061100121/kg


Frumvarp til laga um Orkustofnun, 367. mál

Vísað er til erindis iðnaðarnefndar, dags. 22. nóvember sl., þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Orkustofnun, 367. mál.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við efni frumvarpsins.

Virðingarfyllst,


Arni Bragason
staðgengill forstjóra


Sigrubjörg Gísladóttir
forstöðumaður



Vatnamælingar Orkustofnunar- Veðurstofa Íslands

Minnisblað Veðurstofunnar til Vatnamælinganefndar iðnaðarráðherra

Inngangur

Að undanfögnu hefur farið fram umræða um hvort til greina komi að sameina Veðurstofu Íslands og Vatnamælingar að hluta eða öllu leyti og þá á hvaða forsendum. Hafa nokkrir fundir verið haldnir bæði milli stofnananna og innan þeirra. Sömuleiðis hefur "Vatnamælinganefnd" iðnaðarráðherra undir forystu Sveinbjörns Björnssonar átt fundi með fulltrúum Veðurstofunnar um þessi mál. Hafa einkum verið ræddir tveir möguleikar:

1. Að sameina stofnanirnar í eina ríkisstofnun, Veður- og vatnafræðistofan
2. Að stofna ríkisstofnun sem tæki að sér allan rekstur mælakerfa og söfnun gagna beggja stofnananna, hugsanlega ásamt hliðstæðum kerfum Vegagerðar og fleiri opinberra aðila.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir afstöðu Veðurstofu Íslands til þessara möguleika og skoðaðir kostir og gallar við hvorn þeirra eins og þeir blasa við frá sjónarhóli Veðurstofunnar.

Faglegur skyldleiki – ólíkt rekstrarumhverfi

Almennt telur Veðurstofan, að svo margt sé líkt með starfsemi veðurstofa og vatnastofnana að sterk rök séu fyrir því að þessi starfsemi sé að verulegu eða öllu leyti undir sama hatti. Slíkt hefur einnig allvíða verið gert með góðum árangri, s.s. í Svíþjóð, og svo tengdar eru þessar greinar alþjóðlega, að þær eru undir sömu stofnun hinna Sameinuðu þjóða, þ.e. WMO Alþjóðaveðurfræðistofnunin. Hefur alþjóðlegur styrkleiki þeirrar stöðu komið vel í ljós nú nýlega við rannsóknir og þekkingaröflun á veðurfarsbreytingum.. Hafa bæði Veðurstofan og Vatnamælingar lagt nokkuð til í þeim efnum, Veðurstofan m.a. með meira en 180 ára gömlum mæliröðum á veðri hér á landi. Hafa verður í huga að allt frá stofnun Vatnamælinga Orkustofnunar hefur starfsemi stofnunarinnar verið að mestu leyti á forsendum orkunýtingar á vatni. Áherslur og rekstrarumhverfi Vatnamælinga hefur mótast verulega af þessari staðreynd. Veðurstofan hefur á hinn bóginn verið þjónustuaðili við almenning í landinu og þannig ekki rekstrarlega tengd ákveðnum fyrirtækjum eða einni starfsgrein sérstaklega. Mælakerfi Veðurstofunnar eru aðallega rekin á forsendum rauntímavöktunar og eftirlits með náttúruvá hvers konar enda þótt stór hluti þeirra gagna sem þau skila sé einnig nýttur sem langtímagögn. Mælakerfi Vatnamælinga hafa hins vegar verið rekin fyrst og fremst til að

afla langtímagagna um vatnafar (rennsli áa, vatnsbúskapur vatnasviða, grunnvatnshæð, leiðni, aurburður o.fl.) með orkunýtingu að leiðarljósi. Mestur hluti kostnaðar við rekstur mælingakerfa Veðurstofunnar er greiddur af fjárlögum, og gegna þau hlutverki grunnneta á fagsviðum stofnunarinnar. Nokkuð er þó um að stofnunin annist mælingar fyrir eða í samvinnu við aðra aðila gegn greiðslu. Á fjárlögum er ekki gert ráð fyrir öðru en að stofnunin ákveði sjálf hvaða grunnkerfi eru rekin fyrir opinbert fé og hversu umfangsmikil þau eru. Þessu er öðru vísi háttað hjá Vatnamælingum Orkustofnunar. Rekstrartekjur hennar koma að ca 70% hluta frá orkufyrirtækjum o.fl. skv. sérstökum samningum meðan um 30% kemur af fjárlögum með samningum við auðlindadeild OS. Skyldur Vatnamælinga gagnvart ríkinu eru því talsvert aðrar og minni en Veðurstofunnar. Loks er rétt að vekja athygli á verulegum mun sem er á núverandi rekstri Veðurstofunnar og Vatnamælinga þegar um rannsóknir og ráðgjöf er að ræða. Veðurstofan á lögum samkvæmt að sinna þeim þáttum meðan stefna Vatnamælinga hefur verið sú að slík starfsemi fari að mestu fram á markaði og á forsendum þeirra sem kaupa og eiga gögnin.

Sameining í eina ríkisstofnun, Veður- og vatnafræðistofu

Þetta er sá kostur sem Veðurstofan telur vera bestan og skila mestum ávinningi, bæði faglega og rekstrarlega, auk þess sem slík sameining fellur að þeirri meginstefnu stjórnvalda að fækka ríkisstofnunum. Hugsanlegt er að reka Vatnamælingar sem sjálfstæða deild innan Veðurstofunnar en fýsilegra er að setja upp nýtt skipurit sameinaðrar stofnunar með það að markmiði að samþætta rekstur stöðvakerfanna og frumúrvinnslna annars vegar og markaðsstarfsemi stofnananna hins vegar. Með öðrum orðum að endurskoða skipulag nýrrar stofnunar frá grunni. Búast má við að markaðsstarfsemin taki breytingum, bæði vegna samkeppnissjónarmiða en einnig vegna þess að líklegt er að orkufyrirtækin verði einkavædd á næstu árum. Allt eins gæti verið nauðsynlegt að skilja markaðsstarfsemina frá ríkisrekna hluta hinnar sameinuðu stofnunar og jafnvel einkavæða hana. Hin nýja Veður- og vatnafræðistofnun yrði þá einungis rekin sem ríkisstofnun á fjárlögum. Þetta gerist þó líklega ekki fyrr en almenn stefnubreyting hefur orðið hér á landi hvað varðar gagnastefnu og kröfur stjórnvalda um sértekjuöflun ríkisstofnana á markaði.

Opinber mælingastofnun

Hér er gert ráð fyrir að ný stofnun verði sett á laggirnar þar sem starfsemi Vatnamælinga og mælingastarfsemi Veðurstofunnar (veður, jarðskjálftar, ofanflóð o.fl.), ásamt veður-mælingastarfsemi Vegagerðarinnar o.fl. yrðu sameinaðar. Slík stofnun yrði rekin sem ríkisstofnun með blandaðan rekstrargrunn (fjármögnun), þar sem Veðurstofan, Orkustofnun, Vegagerðin, orkufyrirtækin o.fl. væru viðskiptavinir og keyptu þjónustu og gögn af hinni nýju stofnun á grundvelli árlegra samninga.

Veðurstofunni þykir þessi kostur falla illa að þeim faglegu skyldum og rekstrarskilyrðum sem stofnunin býr við. Með þessu væri líka verið að minnka rekstur Veðurstofunnar og því ekki um að ræða jákvæð samlegðaráhrif í rekstri eða að því verður séð auka hagkvæmni í rekstri. Faglega eru helstu gallar að mati Veðurstofunnar þeir, að “langt” yrði milli gagnaöflunarinnar og notkunar gagnanna, hvort sem er í rauntíma eða á öðrum tímakvarða. Þekking á gögnum, styrkleika þeirra og veikleika er öllum, sem vinna að vöktun, eftirliti og spágerð sem og þeirra sem stunda rannsóknir og ráðgjöf, nauðsynleg. Þessi mælingastofnun yrði að standa að öllu leyti undir sér (helst að hafa arð, sbr. Vatnamælingar nú), en á sama tíma er ljóst að aðstaða Veðurstofunnar yrði allt önnur með skömmun fjármagns á fjárlögum og árlegri hagræðingarkröfu. Ekkert bendir til að þetta fyrirkomulag mundi verða Veðurstofunni hagkvæmara. Stöðugleiki í mælingakerfunum yrði trúlega minni en væri fjármunum skipt á starfsemina innan Veðurstofunnar á grundvelli fjárlaga hverju sinni eins og nú er. T.d. yrði langtíma-gagnasöfnun ótryggari en í núverandi rekstrarumhverfi Veðurstofunnar.

Niðurstaða

Veðurstofan telur því að öllu samanlögðu að ná megi bæði verulegri hagræðingu og faglegum ávinningi með því að sameina Veðurstofuna og Vatnamælingar Orkustofnunar í eina ríkisstofnun. Margt mælir með því að skilgreina hlutverk Vatnamælinga út frá grunnverkefnum (greiddum úr ríkissjóði) annars vegar og verkefnum sem unnin eru á markaði hins vegar með svipuðum hætti og gert hefur verið með veðurþjónustuna. Ljóst er að komi til sameiningar þarf að vinna skipurit frá grunni fyrir hina nýju stofnun, því hvorki skipurit Veðurstofunnar né Vatnamælinga myndi falla að starfsemi hinna nýju stofnunar. Er Veðurstofan reiðubúin að ræða áfram við Vatnamælinganefndina á þessum forsendum.

15. febrúar 2005

Magnús Jónsson
veðurstofustjóri